

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

### I. KAFLI

#### **Breyting á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum.**

##### 1. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2011“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: 30. september 2011.

### II. KAFLI

#### **Breyting á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.**

##### 2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2011“ í ákvæði til bráðabirgða IV í lögnum kemur: 30. september 2011.

##### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að heimild bráðabirgðaákvæða laga um gjaldeyrismál verði fram-  
lengd til 30. september 2011. Þar er Seðlabanka Íslands veitt tímabundin heimild til að setja  
reglur, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, til að takmarka eða stöðva tímabundið  
tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra. Að óbreyttu rennur  
heimildin út 31. ágúst nk. en sú dagsetning tekur mið af lengd efnahagsáætlunar Íslands í  
samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Frumvarpið er lagt fram að undangenginni umfjöllun efnahags- og skattanefndar um frum-  
varp efnahags- og viðskiptaráðherra (þskj. 1612, 788. mál) þar sem lagt er til að reglur sem  
settar hafa verið á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál verði  
lögfestar með hliðsjón af áætlun um losun gjaldeyrishaftra fyrir 31. desember 2015. Umfjöllun  
um málið hefur verið frestað að sinni í ljósi samkomulags þingflokka um þingfrestun og er  
stefnt á afgreiðslu þess í september nk. Ekki er búist við að höftin falli brott 30. september  
2011.

Efnahags- og skattanefnd mun áður en nefndafundur og þingfundir hefjast í september  
óska eftir lagalegri og hagfræðilegri úttekt á frumvarpi ráðherra og einstökum greinum þess.  
Meta þarf hvort lögfesting þess veiti Seðlabanka Íslands nægilegan sveigjanleika til að bregð-  
ast skjótt við leka í gjaldeyrishöftum samhliða losun þeirra samkvæmt áætluninni. Þá þarf að  
meta nauðsyn slíkrar lagasetningar með tilliti til væntinga markaðarins um afnám haftra og  
trúverðugleika áætlunarinnar.